Minnisblað

9. september 2018 - Jón Þorvaldsson

Lokun hafnaaðstöðu í Ártúnshöfða og þjónusta Faxaflóahafna

Gerð hefur áður verið nokkuð ítarleg grein fyrir verkstöðu og framgangi verka við landgerð í Ártúnahöfða, samningum við Bjögun og Reykjavíkurborg um sölu þessara eigna og lokum á hafnarstarfsemi í Árúnshöfða.

Samningurinn við Björgun var gerður í október 2016 og þá samið um kaup eigna og að starfsemi Björgunar yrði hætt. Miða skyldi við að fyrirtækið yrði með efnislöndun og efnissölu á hluta lóðar við Sævarhöfða til maí 2019 samhliða rýmingu hennar. Samið var um skammtímaafnot af 40.000 m^2 lóðarhluta fyrir þessa starfsemi en framkvæmdir við efnistöku af öðum hluta lóðar færu af stað samkvæmt útgefnu framkvæmdaleyfi og landgerðaráfanganum sem vinna skildi úr fyllingarefni af lóð og yrði skilað í lok árs 2019. Eftir þessum verksamningi hefur síðan verið unnið. Ekki skyldi staðið að fyllingum og framkvæmdum í sjó á göngutíma laxfiska, sem er tímabilið frá júní og fram í október. Framvinda verka hefur verið samkvæmt verksamningum og útlit er fyrir að takist að skila þeim á tilsettum tíma.

Einn þáttur verka hefur þó ekki gengið eftir en það er viðhaldsdýpkanir og hreinsun á setefni sem borist hefur frá lóð og um allan innri hluta Elliðaárvogs. Í leigusamningum við Björgun voru ákvæði um að fyrirtækin skyldi hreinsa burt það set- og fínefni sem barst frá lóð á starfstíma fyrirtækisins á þessum stað.

Ákvæði voru sett í samning við Bjögun um þessa sethreinsun og um 80 % hennar yrði unnin og kostuð af Bjögun en Faxaflóahafnir tækju á sig um 20 % verkhluta. Breytingar á innri hluta Eliðavogs og uppsöfnun sets á botni vogsins þannig að þar hefur víða grynnkað um 2 -3 m eru líka af öðrum orsökum en fínefnislosun frá Björgun. Orsakaþættir svo sem landgerð og fyllingar við árósa Elliðánna. Eins skyldi viðhaldsdýpka innsiglingarennu að Bryggjuhverfishöfn og það verk yrði kostað af Faxaflóahöfnum. Dýpkunarverk við dýpkun innsiglingarennu var sett inn i samninga við Björgun að beiðni Reykjavíkurborgar sem er eigandi hafnaraðstöðu Bryggjuhverfis.

Fyrirhuguð landgerð við Ártúnshöfða á vegum Reykjavíkuborgar var alls áætluð 13 hektarar. Í úrskurði um niðurstöður umhverfismats landgerðar benti Skipulagsstofnun á að fyrir þessari landgerð væru ekki heimildir og eingöngu hægt að fallast á um 2,5 ha landgerðaráfanga. Losunarrými fyrir dýpkunarefni voru því ekki fyrir hendi og ekki annar kostur en losa það dýpkunarefni sem nauðsynlegt er að fjarlægja strax á varpsvæði austan Engeyjar þar til aðrir nýtingamöguleikar efnis gætu komið til sögunnar.

Sótt var um losunarheimilt dýpkunarefnis úr innsiglingarennu í árinu 2016 en þá kom í ljós að umfjöllun um slíkt fékkst ekki. Verið væri að breyta lögum um umhverfismat framkvæmda og stofnanir komið með nýtt heimasmíðað íslenskt sérákvæði í lög um umhverfismat framkvæmda sem sagði að dýpkun hversu liítilfjörleg sem hún væri yrði að fá umhverfismatsumfjöllun og framkvæmdaleyfi. Dýpkun teldist ekki lengur verk til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum en héti nú námuiðnaður. Umhverfisstofnun gæti ekki lengur fjallað um leyfi fyrir varpi efnis í hafið eins og lög sögðu áður til um fyrr en að ákvörðun Skipulagsstofunar um matsskyldu framkvæmda lægi fyrir. Höfnum landsins er því í dag vandi á höndum við að koma áfram sínum dýpkunarmálum ef þeim er ætlað að fylgja hjólförum reglugerðaverksins. Á þessa sérstöku stöðu sem komin er upp hefur áður verið bent.

Á sama tíma og leyfisveitingar sitja fastar berast ábendinar þeirra sem málið varðar:

> Bryggjuráð, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins, sendir frá sér eftirfarandi ÁLYKTUN um hreinsun innsiglingarinnar í smábátahöfn Bryggjuhverfisins. Samkvæmt áður gefnum loforðum átti Björgun hf. nú þegar að vera búin að hreinsa innsiglinguna í smábátahöfn Bryggjuhverfisins, fyrir nokkru síðan. Það hefur ekki verið gert enn. Lýsir Bryggjuráð áhyggjum af því. Óskað er eftir að erindið verði sent til borgarráðs og umhverfis, skipulagssviðs Reykjavíkur og Faxaflóahafna. Hverfisráð Grafarvogs tekur undir áhyggjur Bryggjuráðs um frágang svæðis Björgunar. Þar má sérstaklega nefna dýpkun innsiglingarinnar.

Lengi hefur legið fyrir að höfn og hafnaraðstöðu í Ártúnshöfða yrði lokað með tíð og tíma. Þar kæmi í framtíðinni blönduð íbúabyggð. Iðnaðarstarfsemi sem nýtt hefur hafnaraðstöðuna í Ártúnshöfða þarf að víkja. Flutningur starfsemi og uppbygging aðstöðu á öðrum stöðum er í dag ekki orðin alveg einföld mál. Björgun reynir því að koma dæluskipum sínum að Ártúnshöfða til löndunar á steinefni og Malbikunarstöðin að koma asfalti með tankskipum að sinni aðstöðu

svo lengi sem þess er nokkur kostur. Á sama tíma er aðstreymi efnis að siglingaleiðum að vaxa. Sigling skipa að bryggju í Ártúnshöfða er að verða erfiðari með hverri vikunni sem líður og hafnaraðstaða þar að lokast. Setið getur ekki lengur flætt um og dreift sér um botnsvæði vogsins eins og það áður gerði um árátuga skeið. Vogurinn er í dag orðin mikið til fullur af efni og það sest nú á botn á þeim svæðum þar sem enn er dýpi fyrir hendi.

Engin leið er að dæla þessu efni með dæluskipum. Gruggmyndun og vinnudýpi fyrir dæluskip er ekki til staðar. Eina ráðið er að beita á þetta gröfu og flutningsprömmum til að fjarlægja efnið og losa það á öðrum stöðum en þá hvar? Engar landgerðarframkvæmdir eru í gangi sem tekið geta við efninu og reglugerðarverkið stoppar losun þess í sjó. Ef ekki er hægt að hreyfa við lámarksdýpkunum þannig að skip geti tímabundið nýtt aðstöðu hvort sem að það eru stærri skip eða smærri bátar þá er komið að því að ræða takmarkanir og lokun hafnaraðstöðu. Meðfyljandi eru bréf þar sem að eiganda mannvirkja og aðstöðu í Ártúnshöfða, skrifstofa atvinnu og eigna og Malbikunarstöðinni Höfða er tilkynnt um að þjónustu Faxaflóahafna við skipakomur í Ártúnshöfða er hætt.

Skýringar eru þessar:

Sigling asfaltskipa að Ártúnshöða nú í sumar hefur ekki alltaf verið auðveld. Skip hafa verið að taka niðri víð bakka og ekkert hefur mátt út af bregða með að tæma þessi skip. Umboðsmenn hafa jafnvel óskað eftir nærveru hafnar við skoðun á skipi í slipp erlendis eftir að það tók niðri. Strax við fyrstu komu asfaltskips i mars í vor sat skip á botni við bryggju þar sem að ekki tókst að létta það fyrir næstu fjöru. Skipið komst síðan burt einhverjum sólahringum síðar. Í ljós kom að þegar að dæla átti asfalti úr skipi var dælulögn í landi stífluð. Ekk tókst að létta skipið og það sat á botni á næstu fjöru. Á þessu svæði eru ekki klappir eða grjótbotn. Skip eru aftur á móti ekki gerð fyrir það að sitja að hluta til á botni með farm í tönkum skips. Lagfæring á dýpi í viðlegu var þá gerð þannig að dýpkunargrafa var fengin til að koma dýpkunarefni á land og því ekið burt í fyllingar með bílum. Losun efnis í sjó er ekki leyfð en vinnubrögð farin að fá á sig sérkennilegan svip. Þetta dugði til að asfaltskip gátu komist að bakka en síðasta skip nú í lok ágúst tók niðri í viðlegu.

Reiknað var með að dæluskip Björgunar gætu landað efni í Ártúnshöfða fram til maí 2019. Þau fara nú að sitja á fjörum í innsiglingu. Aðsiglingarenna Bryggjuhverfis er líka að grynnka og þar eru áhöld um siglingu skemmtibáta á fjöru. Sama má segja um siglingarennu að höfn Snarfara í Elliðaárvogi.

Í vor var eftir fund með Skipulagsstofnun lagt af stað í vegferð þess að vinna fyrirspurnarskýrslu varðandi umhverfismat framkvæmda fyrir nauðsynlegar viðhaldsdýpkanir hér í Reykjavík. Verk voru skilgreind samkvæmt 2. viðauka sem eru fyrirspurnarskyld mál. í júní var skýrslan talin tæk til framlagningar og umfjöllunar og þá send með formlegu erindi Skipulagsstofnunar til umsagnar hjá ýmsum stofnunum. Niðurstöður liggja ekki fyrir á þessari stundu og því ekki ljóst hvaða málsmeðferð dýpkunarmál í Reykjavík munu fá.

Jón Þorvaldsson
aðstoðarhafnarstjóri